Samtakahópurinn, fundur haldinn 3.maí 2022 kl.10.00 í Ráðhúsi Reykjanesbæjar Tjarnargötu 12

**Mætt: Svava Stefánsdóttir, Kolbrún Skagfjörð Sigurðardóttir, Hildur Björg Vilhjálmsdóttir, Davíð Már Gunnarsson, Ásdís Ragna Einarsdóttir, Hjörtur Magni Sigurðsson, Guðrún María Þorgeirsdóttir, Linda Sif Leifsdóttir, Kristján Freyr Geirsson, og Hafþór Birgisson sem jafnframt ritaði fundargerð.**

***

*Fundargerð*

## *1.mál Kynning á niðurstöðu Rannsókna og Greininga – 8. – 10. bekkur*

Margrét Lilja Guðmundsdóttir sérfræðingur frá Rannsóknum og Greiningu mætti á fundinn og kynnti helstu niðurstöður á högum og líðan nemenda í 8. – 10. bekk sem lögð var fyrir í febrúar.

Það er mat Samtakahópsins að rýna þurfi vel í niðurstöðurnar og bregðast þurfi við niðurstöðunum með afgerandi hætti.

Niðurstöður könnunarinnar er aðgengileg á heimasíðu Reykjanesbæjar og hver skóli fær afhenta niðurstöður fyrir sinn skóla.

Samtakahópurinn þakkar Margréti Lilju Guðmundsdóttur fyrir góða kynningu sem mun kynna niðurstöðurnar síðar í maí fyrir skólastjórnendum.

## 2.mál Hinsegin Plútó

Guðrún María Þorgeirsdóttir sagði frá aðdraganda að stofnun Hinsegin Plútó og starfi klúbbsins sem gengur afar vel. En klúbburinn er orðin fjögurra ára.

Félagsskapurinn fyrir hinsegin krakka á aldrinum 12-17 ára. Hittingar í Fjörheimum, Hafnargötu 88 á fimmtudagskvöldum kl. 20.00-21.30.

## 3. mál fristundir.is

Hafþór Birgisson íþrótta- og tómstundafulltrúi fór yfir það fjölbreytta íþrótta- og tómstundatilboð sem í boði er í Reykjanesbæ í sumar. Meðal nýunga er Rafíþróttadeild Keflavíkur, Siglingafélagið Knörr sem er verið að endurvekja sem og hið nýja borðtennisfélag Reykjanesbæjar svo eitthvað sé nefnt.

https://youtu.be/f-T80SgFCXU

## 4. mál forvarnardagar Samtakahópsins

Fyrirhugaðir eru tveir forvarnardagar í Fjörheimum í sumar í samvinnu við t.a.m. ungmennaráð, Vinnuskólann og lögregluna. Annars vegar er um að ræða fræðslu um öryggismál er varða það að vera á vespum og rafhlaupahjólum og hins vegar fræðsla sem verður skipulögð af ungmennaráði þar sem að þau fá að velja sjálf um hvað þau vilja fræðast um.

**https://www.youtube.com/watch?v=NYk-_YzB8yE**

https://www.vf.is/frettir/fjolsottur-forvarnardagur-i-reykjanesbae

### 5. mál Hjólað í vinnuna

Ásdís Ragna Einarsdóttir verkefnastjóri lýðheilsumála sagði frá átakinu hjólað í vinnuna.

Samtakahópurinn skorar á íbúa Reykjanesbæjar að taka þátt í landsátakinu hjólað í vinnuna 4. – 24. maí – nánar um verkefnið inn á hjoladivinnuna.is










Fleira ekki gert og fundi slitið 11.30